

---

# RANNSÓKNASTOFNUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Sólborg, Pósthólf 224, 602 Akureyri,

Sími 463-0570, Fax 463-0571

Netfang: rha@unak.is

Veffang: <http://www.unak.is/RHA>

---



## SPURNINGAVAGN AUSTURLAND

17.-30. APRÍL 2000

*Þjóðmálakönnun RHA meðal íbúa  
á Austurlandi.*

Grétar Þór Eypórsson  
Hjördís Sigursteinsdóttir

---

**Maí 2000**

---



## Efnisyfirlit


1. Inngangur.....	2
2. Framkvæmd og heimtur .....	2
3. Niðurstöður.....	3
3.1 Búseta og búferlaflutningar.....	3
3.2. Ný kjördæmaskipting .....	6
3.2.1. Afstaða til þess að Hornafjörður tilheyrir Suðurkjördæmi. ....	7
3.2.2. Skiptir áframhaldandi samleið Hornafjarðarbæjar í kjördæmi með Austurlandi máli fyrir Austurland?.....	8
3.2.3. Skiptir áframhaldandi samleið Hornafjarðar í kjördæmi með Austurlandi máli fyrir Hornafjörð?.....	9
3.2.4. Flutningur Hornafjarðar til Suðurkjördæmis og mikilvægi áframhaldandi samleiðar fyrir Austurland. ....	10
3.2.5. Flutningur Hornafjarðar til Suðurkjördæmis og mikilvægi áframhaldandi samleiðar fyrir sveitarfélagið Hornafjörð.....	11
3.3. Fylgi stjórn mála flokkanna í kjördæminu .....	11
3.7. Afstaða til ríkisstjórnarinnar .....	14
3.5. Forsetinn .....	16

## 1. Inngangur

Í aprílmánuði framkvæmdi Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA) skoðanakönnun meðal íbúa á Austurlandi og var fyrirtækjum, stofnunum, félagasamtökum og öðrum aðilum boðin þátttaka. Tilgangurinn var m.a. að gefa forstöðumönnum fyrirtækja, félagasamtaka og stofnana kost á að fá álit íbúa svæðisins á ýmsum málefnum sem þá fýsti að vita – auk þess sem almenn þjóðmálakönnun var framkvæmd. Þetta form er hugsað til þess að m.a. fjármagna rannsóknir háskólans og að gera sérfræðingum RHA kleift að framkvæma eigin grunnrannsóknir í þágu vísindastarfs stofnunarinnar. Jafnframt er það stefna RHA að bjóða sérfræði sína á þessu sviði til landsbyggðarinnar sérstaklega. Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður könnunar á viðhorfum til nýrrar kjördæmaskiptingar á Austurlandi, búferlaflutninga, stjórn mála og forseta lýðveldisins.

## 2. Framkvæmd og heimtur

Könnunin var framkvæmd dagana 17. – 30. apríl síðastliðinn. Hringt var í 500 einstaklinga búsetta á Austurlandi. Þeir voru valdir með slembi-úrtaksaðferð úr þjóðskrá og endurspeglaði úrtakið aldursdreifingu íbúanna á svæðinu, búsetudreifingu sem og kynjaskiptingu.



Alls náðist samband við 434 einstaklinga sem er tæplega 87% úrtaksins og féllust 370 (74% úrtaksins) þeirra á að taka þátt í könnuninni en 64 einstaklingar neituðu. Í 66 tilvikum var af ýmsum ástæðum ekki hægt að ná tali af einstaklingnum.

### 3. Niðurstöður


Samanburðarbreytur í könnuninni eru fimm: kyn, aldur, búseta, menntun og starf. Búsetu var skipt upp á eftirfarandi hátt:

- (1) **Norðursvæði:** Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðahreppur, Egilsstaðir, dreifbýli Fljótsdalshéraðs, Norður-Hérað, Seyðisfjörður og Borgarfjörður eystri.
- (2) **Fjarðarbyggð ásamt Mjóafjarðarhreppi.**
- (3) **Suðurfirðir:** Fáskrúðsfjarðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur og Búlandshreppur.
- (4) **Sveitarfélagið Hornafjörður.**

Hér fyrir aftan gefur að líta helstu niðurstöður könnunarinnar á myndrænan hátt ásamt stuttri túlkun.

#### 3.1 Búseta og búferlaflutningar



Í ljósi mikilla búferlaflutninga frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis undanfarin ár var spurt eftir því hvort fólk teldi líklegt að það myndi á næstu 2-3 árum flytja frá Austurlandi og þá hvert og af hverju. Svör við fyrst nefndu spurningunni skiptust á eftirfarandi hátt:




Alls kveðast 76, eða 20,5% svarenda ætla að flytja á næstu 2-3 árum.<sup>1</sup> Greining eftir aldri sýnir að það er einkanlega fólk í yngsta aldurshópnum sem hyggur á flutninga, eða rétt innan við helmingur. Þegar litið er til menntunar eru það þeir sem hafa stúdentspróf sem einkum flytja. Eftir búsetu má greina að hugað er á flutninga í heldur meiri mæli frá Fjarðarbyggð og svæðunum


<sup>1</sup> Þetta er nær alveg sama hlutfall og þegar spurt var um það sama í könnun á Akureyri í marsmánuði.

norðan hennar en svæðunum sunnan við. Enginn marktækur munur er á flutningahugleiðingum í öðrum samanburðarhópum.






Þegar þeir sem kváðust mundu flytja voru inntir eftir því hvert þeir hygðust flytja sögðu flestir eða 52% höfuðborgarsvæðið. Athygli hlýtur þó að vekja að 36% nefndu Akureyri og því ljóst að í það stefnir að bærinn veiti höfuðborgarsvæðinu samkeppni um fólk, a.m.k. ef marka má íbúa Austurlands.




Þegar spurt var um ástæður fyrirhugaðra flutninga nefndu flestir, eða liðlega þriðjungur ástæðuna nám. Nýtt starf og flutningur fjölskyldu voru einnig nokkuð tíðar ástæður brottflutninga. Nám virðist þó vera helsta ástæðan og má geta þess að þeir einstaklingar sem hyggjast flytja vegna náms eru fleiri sem ætla til Akureyrar í þeim tilgangi en til höfuð-

borgarinnar. Hið háa hlutfall brottflutnings meðal hinna ungu skýrist því að talsverðu leyti af námi.



### 3.2. Ný kjördæmaskipting


Fyrir liggur ný kjördæmaskipting þar sem um er að ræða svokallað Norðaustur-kjördæmi frá Siglufirði að Hornafirði. Hornafjarðarbær tilheyrir nú hinu nýja Suðurkjördæmi, en í ljósi þess að ekki hafa allir verið hér á einu máli, þótti rétt að kanna viðhorfin til þessa.



Alls voru það um 15% sem voru mjög hlynntir þessari nýskipan og 28% til viðbótar voru frekar hlynntir henni. Frekar eða mjög hlynntir voru 43% og andvígir 57% og því almennt séð andstaða á Austurlandi við þetta. Ekki var um marktækan mun að ræða í samanburðarhópunum,




nema búsetu. Þar reyndust Hornfirðingar sem og íbúar Norðursvæðis vera umtalsvert hlynntari breytingunum en aðrir í kjördæminu, en naumur meirihluti íbúa Hornafjarðar og Norðursvæðis var hlynntur nýskipaninni.




### 3.2.1. Afstaða til þess að Hornafjörður tilheyri Suðurkjördæmi.

Spurt var beint um afstöðuna til þess að Hornafjörður tilheyri Suðurkjördæmi.




Meirihlutinn reyndist hér andvígur eða um 63%, séu reiknaðir saman þeir sem voru mjög og frekar andvígur og var ríflega fjórðungur mjög andvígur. Viðhorfið til brotthvarfs Hornafjarðarbæjar úr kjördæminu var þó afar háð búsetu. Þannig er mikið fylgi við þetta meðal íbúa í sveitarfélaginu Hornafirði (tæp 80%) á meðan mjög og frekar hlynntir eru einungis 34% á Norðursvæði og niður í um 10% á Suðurfjörðum, næstu nágrönnum Hornfirðinga í austri. Uppúr stendur að afar eindreginn vilji er fyrir breytingunni meðal þeirra sem hún snertir beinast.




### 3.2.2. Skiptir áframhaldandi samleið Hornafjarðarbæjar í kjördæmi með Austurlandi máli fyrir Austurland?

Spurt var hvort áframhaldandi samleið Hornfirðinga í kjördæmi með Austurlandi skipti einhverju máli fyrir Austurland sem slíkt. Niðurstaðan sýnir að tæpir 75% allra svarenda eru á þeirri skoðun að einhverju eða öllu leyti.




Sé viðhorfið skoðað eftir búsetu telja Hornfirðingar að svo sé í svipuðum mæli og aðrir í kjördæminu (65-75%), nema hvað að yfir 90% Suðurfirðinga telja samleið Hornfirðinga mikilvæga.




### 3.2.3. Skiptir áframhaldandi samleið Hornafjarðar í kjördæmi með Austurlandi máli fyrir Hornafjörð?

Enn var spurt, en nú hvort áframhaldandi vera Hornfirðinga í kjördæminu skipti máli fyrir þá sjálfa. Hér er það um 54 % sem telja að svo sé og því mun færri sem taka undir mikilvægið fyrir Hornfirðinga fyrir samleið með Austurlandi en mikilvægi Austurlands af samleið með Hornfirðingum.




Við greiningu eftir búsetusvæðum sést enginn grundvallarmunur, enda þótt Hornfirðingar sjálfir teldu svo vera í minnstum mæli. Munur á þeim og íbúum Norðursvæðis er t.d. ekki tölfræðilega marktækur.




### 3.2.4. Flutningur Hornafjarðar til Suðurkjördæmis og mikilvægi áframhaldandi samleiðar fyrir Austurland.

Þeir sem telja að samleið sveitarfélagsins Hornafjarðar með Austurlandi skipti litlu máli fyrir Austurland eru jafnframt hlynntir því að Hornafjörður færir í Suðurkjördæmi. Það er því samræmi í viðhorfunum: Þeir sem telja í lagi að Hornafjörður flytjist telja hann ekki mikilvægan fyrir Austurland og þeir sem eru andvígir flutningnum telja sveitarfélagið mikilvægt fyrir svæðið.



### 3.2.5. Flutningur Hornafjarðar til Suðurkjördæmis og mikilvægi áframhaldandi samleiðar fyrir sveitarfélagið Hornafjörð.



Einnig var skoðað viðhorf þeirra sem telja samleið sveitarfélagsins Hornafjarðar með Austurlandi mikilvæga fyrir. Niðurstaða þess er sú að þeim minna máli sem samleiðin skiptir í huga íbúanna, þeim mun hlyntari eru þeir flutningnum.




### 3.3. Fylgi stjórnmalaflokkanna í kjördæminu

Spurt var hvaða flokk viðkomandi myndi kjósa ef kosið yrði til Alþingis í dag. Flestir sem tóku afstöðu nefndu Sjálfstæðisflokkinn og er hann samkvæmt þessari mælingu orðinn stærri en Framsóknarflokkurinn og stærstur flokkanna í kjördæminu. Um þriðjungur svarenda er þó óákveðinn og einn af hverjum tíu segist ekki mundu kjósa, en það er nokkuð hátt hlutfall.

Á mynd 19 að neðan sést að fylgi Sjálfstæðisflokksins er 11% hærra en flokkurinn fékk í síðustu kosningum en Framsóknarflokkurinn mælist með rúmum 8% minna fylgi en þá. Samfylkingin mælist með 2% minna fylgi en í síðustu kosningum en Vinstri grænir með 2% hærra fylgi. Frjálslyndir virðast vera áfram hverfandi litlir. Hinar raunverulegur sveiflur miðað við kosningarnar eru því milli stjórnarflokkanna.




Greina mátti þó nokkurn mun á afstöðu karla og kvenna en Sjálfstæðisflokkurinn nýtur áberandi mikils fylgis meðal karla en Samfylkingin og Vinstri grænir meðal kvenna.




Mynd 20. Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndirðu kjósa, greint eftir kyni.

Hvað aldur varðar þá nýtur Framsóknarflokkurinn meira fylgis meðal þeirra sem eru eldri, en Sjálfstæðisflokkurinn fær mest fylgi meðal þeirra sem eru yngri en 35 ára. Það á einnig við um Samfylkinguna. Vinstri grænir eiga helst fylgi meðal fólks á aldrinum 36-45 ára og svo yfir 56 ára.




Mynd 21. Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvað flokk myndirðu kjósa, greint eftir aldri.

Framsóknarflokkurinn nýtur meira fylgis meðal íbúa í sunnanverðu kjördæminu en Sjálfstæðisflokkurinn í því norðanverðu. Vinstri grænir eru sterkari en annarsstaðar á Norðursvæðinu.




### 3.7. Afstaða til ríkisstjórnarinnar

Spurt var hvort viðkomandi væri hlynntur eða andvígur ríkisstjórninni. Rúmur helmingur svarenda eða 55% eru hlynntir henni og rúmur fjórðungur eru andvígir. Fimmtungur tók ekki afstöðu. Ef aðeins eru skoðaðir þeir sem tóku afstöðu hækkar hlutfall hlyntra í 67% en þess má geta að þar er nákvæmlega sama hlutfallstala og samanlagt fylgi Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks er.





Við nánari greiningu á samanburðarhópunum kemur í ljós að allir hópar eru í meirihluta hlyntir ríkisstjórninni, nema stuðningsmenn stjórnarandstöðuflokkanna en fleiri þeirra eru andvígir ríkisstjórninni. Einnig mátti sjá að háskólamenntaðir eru fleiri á móti henni.



Mynd 24. Ert þú hlyntur eða andvígur ríkisstjórninni?

Skýring við mynd: Á þessari mynd eru gildin fegin með því að draga prósentufjöldann sem sagði nei frá prósentufjölda þeirra sem sagði já. Gildin geta þannig legið á bilinu -100 til 100. Jákvætt gildi þýðir að þeir sem sögðu já eru fleiri en þeir sem sögðu nei. Dæmi: Alls svöruðu 66,9% að þeir væru mjög eða frekar hlyntir en 33,1 að þeir væru frekar að mjög andvígir ríkisstjórninni.  $66,9 - 33,1 = 33,8$ . Þannig er jafnvægisgildið 33,8.

### 3.5. Forsetinn

Forseti lýðveldisins, Ólafur Ragnar Grímsson, hafði á tíma könnunarinnar lýst því yfir að hann sæktist eftir áframhaldandi setu í embætti og hefur þegar þetta er birt þegar verið sjálfkjörinn forseti. Þar eð nokkuð hefur verið um kannanir á stuðningi við forsetann þótti rétt að gera það einnig hér, jafnvel þó ekki komi til kosninga. Spurt var: Munt þú styðja Ólafs Ragnar Grímsson til áframhaldandi setu, eða munt þú ekki gera það? Skemmt er frá að segja að 87% segjast örugglega og líklega munu styðja hann til áframhaldandi setu en þetta er sama hlutfall og kom fram í könnun sem gerð var meðal Akureyringa í mars sem og öðrum könnunum sem gerðar hafa verið. Allir sem styðja Vinstri græna og allir 3 stuðningsmenn Frjálslynda flokksins styðja Ólaf Ragnar áfram í embætti, sem og allir í aldurshópnum 56-65 ára. Ólafur Ragnar nýtum minnst fylgis meðal þeirra sem eru á aldrinum 18-25 ára og aðila með háskólamenntun. Ljóst má því vera að forseti lýðveldisins nýtur mikils stuðnings í kjördæminu og a.m.k. jafnmikils og annarsstaðar á landinu.

